



„Á í miklu samtali við sjálfan mig“

● ÓraVidd, yfirlitssýning á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar, hefur verið opnuð á Kjarvalsstöðum

VIÐTAL

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is



„Ég hef unnið að þessari sýningu allt síðasta ár, í samstarfi við sýningarstjórnann Markús Þór Andrésson. Í upphafi gerði ég mér alls ekki grein fyrir í hverju vinnan væri fölgin enda hef ég aldrei unnið að yfirlitssýningu áður,“ segir Sigurður Árni Sigurðsson myndlistarmaður. Við ræðum saman þar sem við göngum á milli verka á sýningu hans ÓraVidd sem loksins mátti opna í vestursal Kjarvalsstaða eftir að opnunin hafði dregist í nokkrar vikur vegna veirufaraldursins. En nú loksins eru allir velkomnir, með grímu, og sjón er svo sannarlega sögu ríkar. Enda Sigurður Árni einn athyglisverðasti listamaður sinnar kynslóðar hér og þetta er, eins og hann segir, fyrsta yfirlitssýningin sem sett er saman með verkum hans; það elsta er frá árinu 1990 en hluti sýningarinnar er splunkuný og áður ósýnd verk.

Sigurður Árni sótti framhaldsnám í Frakklandi og hefur starfað mikið þar í landi, unnið með gallerí þar og kennt við listaháskóla. Hann „hefur alla tíð spunnið stef við málverkið og tekist á við eiginleika þess miðils“, eins og segir í tilkynningu frá safninu. „Segja má að verk hans fjalli um það hvernig við horfum á heiminn í kringum okkur, þau vekja spurningar um eðli og takmörk sjónsviðsins og hvernig það leggur grunn að heimsmynd okkar.“ Þá segir að tilraunir „Sigurðar Árna hafa leitt hann á brautir fjarviddar og rýmis, hvort heldur með nokkurs konar sjónhverfingum á tvívíðum fleti eða með því að skapa þrívíð verk. Þar kemur samspil ljóss og skugga ídulega við sögu og hann er kunnur af verkum sem sýna skuggavarp með ýmsum hætti“.

Í tengslum við sýninguna gefur Listasafn Reykjavíkur út veglega sýningarskrá með ljósmyndum af sýningunni, myndum af verkum og textum um listamanninn og viðfangsefni hans. Þar skrifar Michel Gauthier, sýningarstjóri við Centre Pompidou í París, ítarlega fræðigreim um Sigurð Árna og list hans, Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur ræðir við hann um ferilinn og Markús Þór Andrésson skrifar um þróunina.

Unnið fram og til baka

„Við undirbúning sýningarinnar fór ég að gramsa í mörgu sem ég hef ekki skoðað lengi og fannst það áhugavert,“ segir Sigurður. „Það er hægt að setja yfirlitssýningar upp á ýmsa vegu. Elsta verkið hér er frá 1990 en þessi tvö þarna, frá 1993 og 1996“ – hann bendir á stór málverk – „hef ég aldrei sýnt á Íslandi fyrr. Og mér hefði aldrei dottið í hug að setja annað þeirra í þetta samhengi en Markús sá ljósmynd af því og vildi endilega að ég græfi það upp. Það er gott dæmi um þær vangaveltur og samtöl sem við áttum um verkin mín og ferilinn.“

Sigurður bjó til módel af salnum á Kjarvalsstöðum á vinnustofunni og fór að skipuleggja uppsetninguna. Reyndi hann að velja verk sem sýndu öll helstu viðfangsefni hans frá þessum tíma?

„EKKI að það væru hér endilega verk frá öllum tímabilum en ég hafði strax ákveðin verk í huga og við sýningarstjórninn vorum sammála um þau,“ segir hann. „Okkur fannst þau gefa góða mynd af því sem ég var að gera á þeim tíma þegar þau urðu til en visa líka til þess sem ég gerði í framhaldinu. Hér eru því ákveðin verk sem mér finnst skipta miklu máli. Við vildum ekki setja verkin upp í tímaröð og ástæðan er sú að ég hef alltaf unnið svoltið fram og til

baka. Ég vinn gjarnan í klösum, er með nokkur verk í vinnslu, og þau eru ídulega í samtali við verk sem ég hafði ýmist gert áður eða átti eftir að gera. Og vonandi er ég alltaf að horfa áfram.“

Eins og fyrr segir eru nokkur ný verk á sýningunni og Sigurður segir þau vera gott dæmi um það samtal sem myndast hér á milli verka. Hann tekur „Sökkla“ sem dæmi, ný verk úr plexíglerti í nokkrum litum sem sótt eru í form blindramma sem strigar málverka eru strekktir á.

„Ég var byrjaður að fíkra mig áfram með þau verk fyrir nokkrum árum en þessi sýning ýtti mér í að klára þau. Þau eru í markvissu samtali við eldri verk hér.“ Sigurður þagnar og horfir yfir salinn með fjölbreytilegum verkunum, málverkum, teikningum og álskúlpúrum sem voru á sýningunni þegar hann var fulltrúi Íslands á Feneyjatvívær-ingnum árið 1999. Segir svo: „Í þessu ferli hefur það komið mér svoltið á óvart hvað ég á í miklu samtali við sjálfan mig. Sýningin spannar þessi 30 ár og mér finnst ég ekkert vera endilega búinn að leysa ennþá ákveðin þörmálverk sem ég var að velja fyrir mér strax við gerð elstu verkanna hér. Þótt mér hafi miðað eitt-hvað áfram þá held ég að þau séu ekkert endilega alveg leyst,“ segir hann og brosir.

Jafnvægið í náttúrunni

Eitt af stærstu verkum Sigurðar Árna er *Sólalda* frá 2000 sem er á Sultartangavirkjun. Á sýningunni er fimm mínútna myndbandsverk sem sýnir verkið á tólf klukkustundum við sumarsólstöður en þá myndast samhverft og heillandi skuggavarp af lágmyndinni.

„Það er gaman að sjá Sólölduna svona, hvernig hún virkar og hér við hlið hinna verkanna,“ segir Sigurður. „Hugmyndin að Sólöldu er í beinu samtali við garðamálverkin og módelið í hinum enda salarins. Þar vann ég út frá ljósi og hvar skuggar af trjám ættu að lenda. Í staðinn fyrir kúlutrén eru í Sólöldu stálbitar sem varpa skuggum á ákveðna staði á ákveðnum tíma. Þar býr sólin til eða undirstrikar jafnvægið í sjálfri náttúrunni.“

Og við förum að tala um skuggaspilið sem lengi hefur verið mikilvægur þáttur í verkum Sigurðar, bæði í tvívíðum verkum og þrívíðum. Hann segir að á sýningunni megi sjá ákveðna þróunarsögu í þeirri úrvinnslu og hún tengist elsta verkinu, „Ský og vatn“ frá 1990, þar sem viðfangsefnið sé tenging við einhvers konar fullkomnun í náttúrunni og hringrásina innan hennar. Og þar hafi hann verið farinn að vinna úr hugmyndum um yfirborð og það sem sé undir því, sem hafi orðið langtímaviðfangsefni.

„Þessar hugmyndir urðu sífellt skýrari í málverkunum, tengjast sögulegu samhengi málverksins sem fyrirbæris og líka hugsunum mínum um forgrunn, miðrými og bakgrunn. Strax um 1990 var bakgrunnur í málverki farinn að trufla mig. Mér fannst ég lítið komast áfram með það en svo þegar ég fór fyrir nokkrum árum að gera álverk eins og eru hér, lágmyndir, sá ég að þar var mögulega komin lausnin sem ég hafði leitað tuttugu árum fyrr. Svona er ég lengi að hugsa!“ segir hann og hlær.

Úrvinnsla hugmyndanna birtist þannig með margvíslegum og heillandi hætti í verkunum. Göt í og skuggavarp frá lituðu gleri er til mynda með öðrum hætti en sömu fyrirbæri á máludum striga. Og þegar horft er yfir feril Sigurðar má sjá að fyrir aldamót vann hann oft með það sem má kalla þekkjanlegt land en sneri sér svo meira að formrænni glímu um verkin sjálf.



Ljósmynd/Vígfús Birgisson

ÓraVidd Á Kjarvalsstöðum – elsta verkið Ský og vatn (1990) fyrir miðju, eitt það nýjasta, Valerie (2020,) til vinstri.



Ljósmynd/Vígfús Birgisson

Sökkla Hluti eins nýju verkanna sem vísar til blindramma.

„Já, það er bókstaflega landslag sem birtist í upphafi og verður smám saman abstrakt, og hugmyndafræðilegt. Það sést hvergi betur en í Sólöldu en þar fáum við svo góða tilfinningu fyrir sólinni en líka skugganum. Það má líka segja að persónur og hlutir verði hvergi greinanlegri en í skugganum af sjálfum sér,“ segir hann þar sem við stöndum við eina málverkið af fölkni á sýningunni, en það eru bara skuggar af fölkni. „Kannski er persónan einmitt skýrust svona,“ segir Sigurður Árni. „Bara skugginn.“



Morgunblaðið/Einar Falur

Listamaðurinn „Það má líka segja að persónur og hlutir verði hvergi greinanlegri en í skugganum af sjálfum sér,“ segir Sigurður Árni.